


✉ Re: 2101140 - Ósk um umsögn – tillaga að aðalskipulagsbreytingu

Búið til	6.5.2022 11:08:51
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	6.5.2022 11:08:50
Tilheyrir	 202203-0048 - Jarðræktarmiðstöð á Hvanneyri – aðalskipulagsbreyting

Efni

Re: 2101140 - Ósk um umsögn – tillaga að aðalskipulagsbreytingu

Upplýsingar

Vinnsla

Sent	6.5.2022 11:08:50	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	skipulag@borgarbyggd.is

Innihald

Góðan daginn,

Eftirfarandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Tilvísun í mál nr. 202203-0048 (SS).

Vísað er til tölvupósts frá skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar, dags. 24. mars 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022, vegna byggingu Jarðræktarmiðstöðvar á Hvanneyri.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um skipulags- og matslýsingu aðalskipulagsbreytingarinnar þann 8. desember 2021. Vísað er í þá umsögn og þær almennu ábendingar sem koma þar fram og eiga enn við. Sérstaklega er hvatt til þess að lagt sé mat á hvort langtímaáhrif uppbyggingar innan friðlandsins í Andakíl geti haft áhrif á verndargildi þess og einkum stöðu svæðisins fyrir blesgæsina.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við aðalskipulagsbreytinguna en áskilur sér rétt á athugasemdum á síðari stigum t.d. gerð deiliskipulags.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History

Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.

Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Skipulagsfulltrúinn" <skipulag@borgarbyggd.is>

To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>

CC:

Subject: 2101140 - Ósk um umsögn – tillaga að aðalskipulagsbreytingu

Date: 24.3.2022 10:08:41

Góðan dag

Efni: **Jarðræktarmiðstöð á Hvanneyri** – aðalskipulagsbreyting

Varðar umsögn um breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 sbr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar samþykkti fyrir sitt leyti tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 til auglýsingar á fundi sínum nr. 223, 10. febrúar 2022 að undangengnu álitu Skipulagsstofnunar. Stofnunin skilaði álitu sínu 3. mars 2022 og er tillagan nú lögð fram til kynningar og umsagnar.

Tillagan var auglýst í Skessuhorni og Fréttablaðinu 23. mars 2022, einnig í Lögbirtingablaðinu þann 23. mars 2022. Þá liggur skipulagstillagan fyrir til kynningar í Ráðhúsi Borgarbyggðar. Tillagan er aðgengileg á heimasíðu Borgarbyggðar www.borgarbyggd.is.

Óskað er umsagnar skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Umsagnafrestur er til og með **5. maí 2022**.

Skipulagsfulltrúi Borgarbyggðar veitir fúslega nánari upplýsingar verði þess óskað.

Hægt er að senda tölvupóst á skipulag@borgarbyggd.is b.t. skipulagsfulltrúa eða hringja í síma 433 7100.

Meðfylgjandi:

Skipulagslýsing dags. 28.01.2022

Bestu kveðjur / Best regards

Þóra Júlíusdóttir

Verkefnastjóri skipulags- og byggingardeildar

+354 433-7100

thora.juliusdottir@borgarbyggd.is (<http://@borgarbyggd.is>) / www.borgarbyggd.is

(<http://www.borgarbyggd.is/>)

www.facebook.com/borgarbyggd (<http://www.facebook.com/borgarbyggd>)

Efni þessa tölvupósts, sem og skjala og gagna sem send eru sem viðhengi, kann að vera trúnaðarmál. Það er eingöngu ætlað þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og er á ábyrgð sendanda ef það tengist ekki starfsemi Borgarbyggðar eða tengdra stofnana. Misnotkun getur varðað bótaábyrgð og refsingu, auk þess sem viðtakanda ber samkvæmt gildandi fjarskiptalögum að tilkynna sendanda hafi tölvupósturinn eða viðhengi hans ranglega borist honum. Vinsamlegast eyðið póstinum og viðhengjunum í slíkum tilvikum.

The content of this e-mail and its attachments may be confidential and is only intended for the person or entity to which the e-mail is addressed. The sender is responsible for the content of this e-mail and its attachments if it is not connected with the activities of Borgarbyggð or its affiliated entities. Unauthorized use can instigate a claim for damages and constitute a criminal offence. If you have received this e-mail or its attachments by mistake please notify the sender and delete the e-mail and its attachments.

Viðhengi

image001.png (5 KB)